

33. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869. (á Íslenzku og Dönsku).

1871.

22. maí.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1869, höfum Vér sæð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við að efla Vort gagn og hag landsins. Vér höfum vandlega látið ihuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess hið nefnda ár, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitismál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vér höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Tilskipun handa Íslandi 11. desembrmán. 1869, um eptirmyndan ljósmynda, og fl. (Sbr. Auglýsing fyrir Ísland 10. febrúarmán. 1870, um tilkynning um einkarétt til að eptirmynda ljósmyndir).

2. Opið brjef handa Íslandi sama dag, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til. (Sbr. Auglýsing 5. marzmán. 1870, um, hvenær opið brjef handa Íslandi 11. desembermán. 1869, um aðra skiptingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi).

3. Opið brjef handa Íslandi sama dag, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrætti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluveð í lausafé sínu.

4. Tilskipun fyrir Ísland 12. marzmán. 1870 um uppreist á æru og fl.

5. Opið bréf handa Íslandi sama dag, um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið.

6. Lög 2. janúarmán. 1871, um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

1871.

22. maí.

7. Tilskipun 4. marzmán. 1871, er inni hefir að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

8. Tilskipun sama dag, um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, sem alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið.

Að því er sérstaklega snertir lögin 2. janúarmán. 1871, mun alþing af þeim athugasemdum, sem gjörðar eru um þetta mál í ástæðunum fyrir frumvarpi því til nefndra laga, sem lagt var fyrir ríkisþingið síðasta — en fulltrúi Vor mun skýra alþingi frá þeim, — fá vitneskju um, hversvegna stjórnin hefir álitíð það skyldu sína, að leggja frumvarp það, sem tæð lög eru bygd á, fyrir ríkisþingið. Með því ríkisþingið samsinnti frumvarpinu, hefir stjórnin getað látið lög þessi ganga út, og er með þeim hin óraskanlega undirstaða fengin til endurbóta á fjárhags- og stjórnarmálefnum Íslands.

Með tilliti til frumvarps þess, sem lagt var fyrir alþing 1869, til stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands, hefir alþing í þegnegri bænaraskrá farið þess á leit, að nefnt frumvarp verði ekki gjört að lögum, einsog það þá lá fyrir þinginu, en að lagt verði fyrir þing á Íslandi með fullu samþykktaratkvæði 1871 frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem að minnsta kosti taki eins mikið tillit til landsrættinda Íslendinga, einsog það frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem kom frá alþingi 1867, og til vara, að frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem alþing hafði samið, verði allramildlegast staðfest, og hefir þingið, ef þessu skyldi ekki verða veitt áheyrsla, ráðið frá því, að hið konunglega frumvarp til stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands öðlist lagagildi.

Það hið sama, sem olli því, að ógjörandi var, að fallast á frumvarp það, sem kom frá alþingi 1867, einsog nákvæmlega var útlistað í ástæðunum til frumvarps til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem lagt var fyrir 1869, bar og til þess, að ekki hefir orðið tekið tillit til breytinga þeirra á þessu síðara frumvarpi, sem alþing

1871.

22. maí.

hefir stungið uppá, er frumvarpið með þeim komst aptur að mestu leyti í hið sama horf og frumvarp það, sem alþing samþykkti 1867, en á hinn bóginn hefir Oss eigi þótt tilefni til, að gjöra það frumvarp, sem lagt var fyrir alþing 1869, til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands að lögum gegn ósk alþingis. Aptur á móti höfum Vèr með sèrstaklegu tilliti til þess, að lögin 2. janúarmán. þ. á. eru út gengin, látið semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, til þess að leggja það fyrir alþingi, sem nú fer í hönd.

Áður en ályktun verður gjörð um það mál, sem rædt er um í þegnlegu álitsskjali alþingis, hvernig framvegis skuli nota brennisteinsnámana í þingeyjarsýslu, hefir þótt nauðsyn á, að láta mann, sem reyndur er í þeim efnum, rannsaka námana, og mun slík rannsókn fara fram í sumar.

Eptir að Vèr höfum fengið þegnlegt álitsskjal alþingis um skiptingu á nokkrum sýslum í vesturumdæmi Íslands, höfum Vèr allramildlegast fallið á: 1) að Mýrasýsla, sem hingað til hefir verið sameinuð við Hnappadalssýslu, skuli vera lögsagnarumdæmi útaf fyrir sig, og skuli eptirgjaldið af henni vera 80 rd. á ári; 2) að Hnappadalssýsla skuli lögð saman við Snæfellsnessýslu, þannig, að borgaðir verði í eptirgjald af hinu sameinaða embætti 40 rd. á ári, og 3) að konungstíundin af Barðastrandarsýslu skuli veitt hlutaðeigandi sýslumanni fyrir afgang, og að eptirgjaldið af sýslunni skuli fært niður í 20 rd.; skal þetta allt talið frá 6. júní þ. á.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, sem komið hafa frá alþingi.

1. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis verður frumvarp til breytingar á þeim lögum, sem nú gilda um spítalahluti, lagt fyrir alþingi, sem fer í hönd.

2. Þaræð menn álitu, að niðurskurður hákarla spilli hákarla-veiði þeirri, sem við er höfð á svæðinu frá Látrabjargi í Barðastrandarsýslu til Hornbjargs í Ísafjarðarsýslu á tímabilinu frá 1. degi oktblm. til 1. marzm., hefir alþing þegnsmalega beiðzt þess,

1871.

22. maí.

að frumvarp til tilskipunar, sem þingið hefir samið, um bann gegn niðurskurði á hákarli allramildilegast verði staðfest.

Eptir þeim skýrslum, sem hafa getað fengizt um þetta, má samt álíta það mjög efasamt, hvort tilgangi þeim, sem alþingi hafði fyrir augum, verði náð með því, að leggja á slíkt bann, og með því það auk þess gæti orðið atvinnuvegi þeim, sem hér er getið, til hnekkis, þá hefir ekki þótt nægilegt tilefni til að taka uppástungu þessa til greina.

3. Alþing hefir þegnsamlega beiðzt þess, að 3000 rd. styrkur verði veittur til stofnunar landbúnaðarskóla í Húnavatnssýslu, með því skilyrði, að sýslubúar og aðrir skjóti saman jafnmiklu fê til þessa.

En með því stofnun búnaðarskóla á Íslandi er svo áriðandi fyrir allt landið, þá hefir stjórnin haldið, að ekki ætti að gjöra um þetta mál einungis fyrir einstaka sýslu, heldur ætti að koma skipulagi á það með lagaboði fyrir allt land, og verður hér að lútandi frumvarp nú lagt fyrir alþingi.

4. Stjórninni hefir þótt það ísjárvert, samkvæmt tillögum alþingis að veita Páli presti Pálssyni á Íslandi styrk til langframa úr ríkissjóðnum, eða nú úr hinum íslenska landssjóði, til þess að efla heyrnar- og málleysingja kennsluna á Íslandi, en aptur á mót voru honum árið sem leið veittir í eitt skipti fyrir öll 200 rd. í þóknunarskyni fyrir framkvæmdir hans í þessu máli. Þarsem það að öðru leyti verður að vera komið undir samkomulagi milli þeirra, sem í hlut eiga, hve mikið skuli borga fyrir kennslu þessa, er svo fyrir skipað, að endurgjald það, sem Páli presti Pálssyni eptir því ber fyrir kennslu heyrnar- og mállausra barna, sem komið er fyrir hjá honum á opinberan kostnað, verði greitt honum fyrirfram fyrir hvern fjórðung árs úr jarðabókarsjóði Íslands. Sömu leiðis höfum Vêr allramildilegast fallizt á uppástungu alþingis, að kostnaðurinn við kennslu heyrnar- og mállausra barna, að því leyti hann hvílir á hinu opinbera, skuli eptirleiðis greiddur úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á.

Þarsem alþing að endingu hefir farið fram á, að það hér eptir verði gjört að skyldu, að útvega öllum heyrnar- og mállausum börnum á Íslandi, sem eru á tilteknu aldurs skeiði, kennslu

1871.

22. maí.

annaðhvort á Íslandi, eða á heyrnar- og málleysingja skólanum í Kaupmannahöfn, verður frumvarp um þetta efni nú lagt fyrir alþingi.

5. Af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor mun skýra nákvæmar frá, hefir þegnleg bænarskrá alþingis um stofnun lagaskóla á Íslandi ekki orðið tekin til greina, og hefir heldur ekki þótt næg ástæða til, að fallast á þá uppástungu alþingis, að þangað til skólinn kemst á, verði það gjört hinum íslenska landsyfirrétti að skyldu, að halda próf yfir þeim, sem á Íslandi vili komast í laga-embætti, og sömuleiðis þegar krafizt verður, halda fyrirlestra til undirbúnings undir þvílíkt próf.

6. Þegnlegri bænarskrá alþingis um, að veittur verði 300 rd. styrkur á ári til forngripasafnsins í Reykjavík, hefir ekki orðið veitt áheyrsla. Þar á móti var stiptsyfirvöldunum veitt heimild til þess, að verja 500 rd. til þessa árið sem leið.

7. Þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun sjómannaskóla á Íslandi hefir ekki orðið veitt áheyrsla af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor nákvæmar mun skýra frá, en aptur á móti verður honum falið á hendur, að koma því til leiðar, að alþing láti uppi ítarlegra álit sitt um það, hvernig augnamiðinu geti orðið náð á hagfelldastan hátt.

8. Alþing hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að stjórnin sjái um, að 1000 tunnur af korni, auk þess korns, sem kaupmenn flytja til verzlunar, sé árlega til á Íslandi, og að þeim sé skipt niður á verzlunarstaðina eftir nákvæmari ákvörðun amtmannanna, til þess að ráða bót á því, ef of lítið er aðflutt af kornvöru.

Það hefir samt ekki þótt tilefni til, að taka bænarskrá þessa til greina, og það því síður, sem það eftir frumvarpi því, er nú verður lagt fyrir alþingi, um að innleiða sveitastjórn á Íslandi, verður brynt fyrir stjórnendum sveitarfélaganna, sem hlut eiga að máli, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til að afstýra hallæri í landinu.

9. Alþing hefir þegnsamlega beiðzt þess, að það fê, sem með þarf, verði veitt til þess, að opinberir fyrirlestrar verði haldnir í Reykjavík yfir sögu Íslands og fornfræði Norðurlanda. En það

1871.

22. maí,

hefir þótt ísjárvert, nú sem stendur, að leggja útgjöld til þessa á hinn íslenska landssjóð.

10. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands, og um það, að tollur sá, sem verið hefir á innfluttum fiski frá Íslandi til Frakklands, verði af numinn, mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá því, sem með þarf, og skal jafnframt vísað til þess frumvarps, sem nú verður lagt fyrir alþingi til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júnímán. 1787, 1. kap., og fl.

11. Þegnleg bænarskrá alþingis um, að það verði ákveðið, að enginn megi framvegis stofna fasta verzlun á Íslandi, nema hann sé þar búsettur, og að lagafrumvarp um þetta efni verði lagt fyrir alþingi, sem nú fer í hönd, hefir eigi þótt til þess fallin að hún yrði tekin til greina.

12. Áður en ályktun verður gjörð um þegnlega bænarskrá alþingis um, að reglulegum gufuskipsferðum verði komið á kringum strendur Íslands, hefir það, vegna þess engar skýrslur eru til, til þess að geta haft hugmynd um, hve miklu megi gjöra ráð fyrir af allskonar flutningum fram og aptur á gufuskipsferðum þessum, og heldur ekki nein áreiðanleg áætlun um kostnað þann, sem rísa mundi af ferðum þessum, þótt nauðsynlegt, að útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu skyni, til þess að af þeim verði ráðið, hvort það sé gjörandi, að koma gufuskipsferðum þessum á uppá kostnað hins íslenska landssjóðs; fyrir þessar sakir hefir Oss þóknast 12. apríl. þ. á. að setja 5 manna nefnd til þess, að íhuga allt það, sem hér að lýtur, og þar eptir láta uppi álit sitt og uppástungur viðvíkjandi þessu máli.

13. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vör 4. nóvbr. f. á. allramildilegast fallið á, að sett verði 3 manna nefnd í Reykjavík, til þess að semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga handa Íslandi.

Að því er snertir bænarskrá þá, sem nefnd er í auglýsingu Vorri til alþingis 7. júlímán. 1869 II. 9., um að út verði látið ganga lagaboð um friðun á laxi á Íslandi, skal að endingu vísað til lagafrumvarps þess, sem nú verður lagt fyrir þingið um þetta málefni.

Til staðfestingar allramildlegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vör sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

1871.

22. maí.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra embættismanna á Íslandi, um ferð Johnstrups háskólakennara til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu.¹

23. maí.

Þaræð kennari í steinafræði við háskólann í Kaupmannahöfn, J. F. Johnstrup, riddari dannebrogssorðunnar, samkvæmt ósk stjórnarráðsins hefir boðizt til, að fara til Íslands með næstu ferð póstgufuskipsins, einkum til þess að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem eru þjóðeign, mælist stjórnarráðið til, jafnframt og vísað er til meðfylgjanda eptirrits af² erindisbréfi

1) Þetta meðmælingarbréf var fengið í hendur háskólakennara Johnstrup.

2) Eptir að þér, herra háskólakennari, samkvæmt ósk stjórnarráðsins, hafið boðizt til að fara heðan til Íslands með næstu ferð póstgufuskipsins, einkum til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem eru þjóðeign, mælumst vér til útaf því, sem yður þannig er falið á hendur, að þér

1. einkum leitist við að kynna yður stærð og þykkt bæði hinna köldu og heitu náma svo, að af því megi gjöra sér hugmynd um, hve mikið af brennisteini nú sé í námunum, og væri jafnframt æskilegt, ef afstaða námanna, ásigkomulag jarðvegarins og veðuráttar er því ekki til fyrirstöðu, að búinn sé til uppráttur af námunum, bæði til þess að hann verði við hafður, ef námarnir verða rannsakaðir aptur, og til samanburðar við upprátt þann, sem *Henchel* bjó til 1775, og mætti ef til vill með þessu móti fá nokkra vitneskju um, hversu mikið námarnir mundu geta gefið af sér;

2. að þér rannsakið, hvort líkindi sé til, að leggja megi járnbraut án mikils kostnaðar frá námunum til Húsavíkur, eins og Lock* einusinni hafði í hyggju; og

*) Englendingur nokkur, sem hafði sókt um leigumála á námunum; sbr. Tíðindi frá alþingi, 1869, II., 74.